

Samfélagsfræði 8. bekkur 2018- 2019

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmið í samfélagsfræði koma fram á blaðsíðum 196 -203 í námsgreinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013, en þar má m.a. sjá töflu yfir þá hæfni sem nemendur skulu búa yfir í námsgreininni við 4. 7. og 10. bekk.

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/grunnskoli_greinanamskrar_netu_tgafa_2013.pdf

Í stundaskrá skólans er 8. bekk ætlaðar 120 mínútur í viku í samfélagsfræðinni eða því sem nemur 3 almennum kennslustundum..

Kennari er Steinar Tómasson

Markmið og kennsluhættir

Með samfélagsfræðináminu er nemendum gefinn kostur til að þroska hæfni sína til þess að geta átt innihaldsrík samskipti sín á milli og öðlast um leið reynslu í lýðræðislegum vinnubrögðum til þess að skilja umhverfi sitt og samfélag. Nemendur eru aðstoðaðir við að leggja mat á samfélagið og þróun þess frá fortíð til nútíðar. Leitast er við að veita þeim innsýn í mikilvægi umhverfisverndar og verndar þeirra auðlinda sem framtíðarsamfélögin eiga eftir að byggja á.

Hæfniviðmið í samfélagsfræðinnar byggja þremur flokkum þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Til þess að nálgast þessi atriði, þá er mikilvægt að nemendur:

- 1) öðlist þekkingu á þeim veruleika sem var og sem nútíma samfélag byggir á
- 2) öðlist skilning á mikilvægi þess umhverfis sem við lifum í.
- 3) öðlist þekkingu á stöðu sinni og þeim gildum sem ríkja í samskiptum manna í milli.

Námsgögn:

Stuðst er við eftirtaldar námsbækur: **Um víða veröld - jörðin og Kortabók handa grunnskólum.** Auk þess fá nemendur sérstök verkefni frá kennara sem tengjast landafræði Íslands og viðfangsefni bókarinnar Um víða veröld. Nemendur skulu halda vel utan um verkefni sín og hafa sýningarhæf til kennara þegar þörf er á.

Námsmat:

Kennari metur frammistöðu og námsárangur nemenda með ýmsum hætti. Kennari tekur reglulega saman námsmat sem byggir m.a. á ástundun, vinnubrögðum, heimanámi, samvinnu, verkefnaskilum og almennri frammistöðu nemenda í kennslustundum. Auk þess gangast nemendur undir formleg próf við lok hvernar námsannar.